

Vill sýna flóttamenn í styrkleika sínum

● Rannveig Einarsdóttir gefur út ljósmyndabókina *Provisional Life* ● Myndaði fólk á flóttamannaheimili í Berlín vikulega í þrjú ár ● Sambönd fólks, umhyggja og ást eins alls staðar í heiminum

Ragnheiður Birgisdóttir
ragnheidurb@mbl.is

„Þegar svo margir flóttamenn komu til Þýskalands árið 2015 fór ég að velta fyrir mér myndinni sem er dregin upp af þeim í fjölmöldum bæði þar og annars staðar,“ segir Rannveig Einarsdóttir ljósmyndari sem myndaði flóttamenn í Berlín og hefur nú gefið út ljósmyndabókina *Provisional Life*, sem þýða má sem Bráðabirgðalíf, með afrakstrinum. „Það er alltaf fjallað um þá eins og þeir séu einsleitir hópur og það eru þeir ekki,“ segir hún.

Rannveig hafði samband við flóttamannaheimili til þess að fá að taka myndir og segir það ekki hafa verið auðvelt. „Það var ekki sjálfsagt að ég fengi að gera það sem ég vildi, sum flóttamannaheimilin vildu fylgjast með mér og því sem ég var að gera. Á heimilinu þar sem myndirnar eru teknar fékk ég alveg að ráða mér sjálf, ég var eins og einn af starfsmönnum, kom og fór eins og ég vildi.“

Sýnir daglegt líf flóttamanna

Markmiðið var að sýna daglegt líf flóttamanna, hvernig fólk býr og hvað það er að gera. „Þótt venjur og hefðir séu ólíkar þá erum við ekki svo frábrugðin hvert öðru, sama hvaðan við komum,“ segir Rannveig. Sem dæmi er mynd af litilli stelpu að máta hælaskó móður sinnar en það gera stelpur alls staðar. „Öll börn líta eins út þegar þau sofa. Krakkar eru alltaf eins, þau leika sér. Sambönd fólks, umhyggjan og ástin er alls staðar eins.“

Fólkið kemur ekki með neitt með sér inn á flóttamannaheimili en Rannveig segir það samt leitast við að skreyta þessi tímabundnu heimili með meiri litagleði en við þekkjum hér á landi. „Þau reyna að gera allt fallett með því litla sem þau hafa.“ Fólkið býr þröngt og vildi Rannveig ná fram dýnamíkinni í rýminu.

Rannveig heimsótti flóttamannaheimili vikulega í þrjú ár og hitti sömu fjölskyldurnar aftur og aftur. Hún segir það hafa verið markmið



Morgunblaðið/Arnþór Birkisson

Ljósmyndari „Ljósmyndun snýst ekki bara um að ná góðum myndum heldur líka um samskipti,“ segir Rannveig.



Flóttamenn Rannveig myndaði bæði heimilislíf flóttamanna og tók portrettmýndir af þeim á öllum aldri.

sitt að kynast þeim vel. „Þetta snerist um að byggja upp traust og það tókst mjög vel. Myndirnar sem ég tók fyrsta hálfu árið voru einskis

virði af því þá var ég ekki búin að byggja upp þessi tengsl. Þær voru ekki nógu sterkar. Fyrir mér snýst ljósmyndun ekki bara um að ná góð-



um myndum heldur snýst hún líka um samskipti. Það var mikilvægast að ná til þeirra. Þetta tók tíma og var mikil vinna en þetta var mjög gefandi.“

Hefur áhuga á sjálfsmýnd

Rannveig er félagssálfræðingur og segist hafa áhuga á því hvernig sjálfsmýnd verður til. „Flóttafólkið hefur verið rífið úr því samhengi sem það bjó í þar sem það hafði ákveðið hlutverk og ákveðna þýðingu fyrir samfélagið, átti vini og vandamenn sem það umgekkst. Þegar það kemur til Þýskalands, gegnir það ekki sömu hlutverkum og áður. Nú er það flóttafólk. Þetta snýst oft um það að finna hver þau eru í þessu nýja samhengi og það var sérstaklega erfitt fyrir karlmennina. Konurnar fylgdu oft hefðbundinni verkaskiptingu sem tíðkaðist í heimalandinu, að sjá um börn og heimili. Karlmennirnir voru hins vegar oft verkefnalausir og týndir. Það var oft erfitt.“

Rannveig fangar hversdagslífið á heimilinu en ekki síður tilgangssleysið og endalausa biðina sem fólkíð upplifir. Hún nefnir fleira sem hefur áhrif á flóttamennina. „Þau vita oft lítið um ættingja heima og hafa áhyggjur af ástandinu í heimalandi sínu. Sum eiga von á því að vera send til baka. Það spilar margt inn í.“

Áhersla á styrk og stolt

Þrátt fyrir raunalegar aðstæður lagði Rannveig áherslu á að sýna fólkíð í styrkleika sínum bæði í myndatökunni og framsetningu myndanna. „Það var mér mikilvægt að ná portrettmýndum sem sýna fólkíð ekki sem fórnarlömb. Það er oft dregin upp sú mynd af þeim í fjölmöldum að þetta sé fólk sem maður á að verkenna. Fólkíð er stolt, það er ekki fórnarlömb,“ segir hún.

Heilar opnur í bókinni eru lagðar undir portrettmýndir af fólkinu til þess að leggja áherslu á styrk þess og stolt. „Það krefst hugrekksis, kjarks og þrautseigju að fara af stað, skilja allt eftir og að vita ekki hvað biður manns að lokum.“

Hollendingurinn Sybren Kuiper (SYB), sem er þekktur og mjög virtur sem hönnuður ljósmyndabóka, sá um hönnun bókarinnar. Henni má líkja við harmóníkkju þar sem hún er í raun langur renningur með myndum báðum megin sem er brotinn saman inn í kápuna. „SYB hugsar bók sem eitthvað miklu meira en blaðsíður sem hægt er að fletta. Hann fer mjög óvenjulegar leiðir,“ segir Rannveig og útskýrir: „Hugsunin hjá honum er að þetta sé samhangandi verk, sem ekki er hægt að slíta í sundur. Svo getur maður sett saman myndir eins og maður vill, opnað tvær opnur hlið við hlið og borið saman.“

Ung flóttakona send aftur heim

Bókin er sett upp þannig að á fyrstu síðunum kemur maður inn í rýmið, fær nærmyndir af því en sér ekkert fólk. Samt skynjar maður nærveru og fær hugmyndir um hver býr þar. Svo flettir maður áfram og þá birtist fólkíð.

Rannveig stofnaði eigið útgáfufélag til þess að gefa bókina út en hún fæst í bókabúðum í Þýskalandi, Hollandi, Belgíu, Englandi og Austurríki. Hún er einnig fánleg hér á landi hjá Pennanum Eymundsson.

Ljósmyndarinn hefur þegar hafið vinnu að öðru verkefni, að þessu sinni í Bosníu-Hersegóvínu. Þar myndar hún 25 ára fjögurra barna móður sem hún kynntist á flóttamannaheimilinu og var send aftur til heimalandsins. „Hún tilheyrir rómafólki, það fær ekki vinnu og býr við mestu fátækt sem ég hef séð,“ segir Rannveig. Með myndunum rannsaki hún hvað umhverfið geti haft mikil áhrif á fólk. „Það er alveg sláandi munur á konunni á myndum frá dvölinni í Þýskalandi og þegar hún er í heimalandi sínu. Það er eins og þetta sé ekki sama konan.“



Fjör Á kvöldin var oft glatt á hjalla hjá börnunum, dansað, sungið og hlegið.

OFNÆMI Í NEFI?
OFNÆMI Í AUGUM?

100 filmdragerade tabletter Vnr 01 09 89

Cetirizin STADA® 10 mg
cetirizindihydroklorid

STADA

Cetirizin STADA filmhúðaðar töflur innihalda cetirizin tvíhýdróklóríð, 10 mg, og er lyfið notað til að draga úr einkennum í nefi og augum vegna árstíðabundins eða stöðugs ofnæmiskvefs og til að draga úr einkennum langvinnis ofsakláða af óþekktum orsökum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.